
Stækkun Mjólkárviðkjunar Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 28. júní 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkubúi Vestfjarða um fyrirhugaða stækkun Mjólkárviðkjunar, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 og 3.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun Mjólkárviðkjunar í Ísafjarðarbæ. Tilkynning vegna ákvörðunar um matsskyldu. Verkís, unnið fyrir Orkubú Vestfjarða. 22. júní 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með tölvupósti dags. 14. júlí 2017
- Fiskistofu með bréfi dags. 10. ágúst 2017
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 11. júlí 2017
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 17. júlí 2017
- Orkustofnun með bréfi dags. 19. júlí 2017
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. júní 2017 (barst 18. júlí 2017)

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. júlí og tölvupósti dags. 21. júlí og 14., 21., 22. og 29. ágúst 2017.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Mjólkárviðkjun er í landi Borgar í Borgarfirði, sem gengur inn úr Arnarfirði. Stærstur hluti viðkjunarsvæðisins er á Glámuhálendinu upp af Borgarfirði. Mjólkárviðkjun samanstendur af þremur megineringum sem nefndar eru Mjólka I, II og III. Núverandi raforkuframleiðsla viðkjunarinnar er 64-75 GWh/ári og uppsett afl 11,2 MW.


Fyrirhuguð stækkun Mjólkárviðkjunar felst í eftirtöldum framkvæmdum:

- Miðlun og veitu í Hófsárveitu efri þar sem fyrirhugað er að veita tveimur vötnum í Grímsvatn með því að byggja tvær stíflur, tvö yfirföll og tvo botnloka auk þriggja veituskurða og um 3,5 km langs vegar.
- Að veita Kattarvatni í Tangavatn með veituskurði.
- Endurnýjun og tilfærslu á spenniviðkjum á láglandi í Borgarfirði.

Með framkvæmdunum stækkar viðkjunarsvæðið um ca. 10 km², að stærstum hluta á Glámuhálendinu.

Tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda er samkvæmt framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að auka sveigjanleika og nýtingu á afli núverandi véla Mjólkárviðkjunar að vetri með aukinni miðlun og rennsli í gegnum vélar viðkjunarinnar. Þar með aukist framleiðsla raforku á Vestfjörðum og áreiðanleiki orkuafhendingar á Vestfjörðum. Áætlað er að raforkuframleiðsla aukist um 3,7

GWh/ári í kjölfar framkvæmdanna. Ekki sé gert ráð fyrir að leyfilegt heildarafl virkjunarinnar breytist, en mögulegt verði að auka raforkuframleiðslu að vetrarlagi vegna aukinnar miðlunar.



Mynd 1. Fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun Mjólkárvirki. Núverandi mannvirki eru sýnd með daufum litum. Bláu örvarnar sýna fyrirhugaða vatnaflutninga en ekki nákvæma legu veituskurða. Myndin sýnir jafnframt breytingar á mörkum deiliskipulags Mjólkárvirki, en ekki útlínur þeirra lóna sem myndast. (Myndin er úr greinargerð framkvæmdaraðila)



Vatnsmiðlun og vegir

Framkvæmdir við Hofsárveitu efri felast í að veita afrennsli vatna sem nú renna í Hofsá til suðurs í Borgarhvilftarlæk. Vötnin eru nyrst nafnlaust vatn í 626 m hæð og síðan annað nafnlaust vatn í 632 m hæð, með samanlagt flatarmál um 0,3 km², sem veitt verður í Grímsvatn, sem er 0,18 km², í 577 m hæð.

Fram kemur í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að með gerð 300 m langrar og 14 m hárrar stíflu norðaustan við nyrsta vatnið og skurði til suðurs á milli þess og vatns í 632 m hæð fáist uppistöðulón sem verði um 0,14 til 0,66 km² eftir vatnsstöðu og allt að 4,4 GL nýtanleg miðlun, en heildarrúmtak miðlunarinnar verði um 4,6 GL. Vatninu verði veitt áfram í 460 m löngum skurði til suðurs til Grímsvatns. Í skurðinum verði yfirfall og botnloki sem stýri yfirborðshæð lónsins. Frá enda hans renni vatn eftir lægstu punktum í Grímsvatn. Náttúrulegt útrennsli norðaustan til í Grímsvatni verði stíflað með um tveggja metra hárra og 120 m langri stíflu. Eftir framkvæmdir verði vatnsborð Grímsvatns á bilinu 568 til 578 m.y.s. og flatarmál þess á bilinu 0,06 til 0,20 km². Sunnan Grímsvatns verði grafinn skurður sem liggir í átt að farvegi Borgarhvilftarlækjar. Skurðurinn verði allt að 14 m djúpur til að hægt verði að lækka náttúrulega vatnshæð Grímsvatns um allt að 12 m og fá þannig 1,18 GL miðlun. Veituskurðurinn verði 500 m langur og frá enda hans renni vatn eftir lægstu punktum í Borgarhvilftarlæk. Borgarhvilftarlækur renni í Prestagilsvatn, sem sé inntakslón Mjólkár III, og áfram í Borgarhvilftarvatn sem sé inntakslón Mjólkár I. Áætlað sé að 0,5 m³/s muni renna um Hofsárveitu efri til Prestagilsvatns, þ.e. til Mjólkár I og III, en að rennsli núverandi pípu frá Hofsárvatni muni minnka um 0,1 m³/s. Rennslisaukning frá Hofsá til Prestagilsvatns sé því áætluð 0,4 m³/s og heildarinnrennslið verði þá um 1,9 m³/s. Rennslisaukning á vatnasviði Mjólkár nemi minnkun rennsli til Hofsár.

Fram kemur í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að fyrirhugað sé að leggja um 3,5 km langan veg frá núverandi vegslóða ofan Hófsárdals og að vatni í 626 m hæð. Þaðan verði lagður vegslóði, sem fari undir vatn við háa vatnsstöðu lóns, að stíflu neðan við vatn í 626 m hæð. Vegurinn að vatni í 632 m hæð verði 3-3,5 m breiður. Hann verði að mestu í landhæð og yfirleitt ekki í meira en 0,5 hæð yfir landi – nema þar sem fara þurfi yfir gil eða farvegi. Undirlagið hafi góðan burð til að þola umferð þungavinnuvéla meðan á framkvæmdum stendur. Malarefni verði aðeins sótt í veginn þar sem land sé mjög grýtt og oddhvassir steinar. Eftir framkvæmdatíma verði lítil umferð um veginn, líklega ein eða tvær eftirlitsferðir á sumri. Að vetri til verði notast við sleða til að komast um svæðið.

Auk framangreindrar Hofsárveitu efri er fyrirhugað að veita rennsli úr Kattarvatni í Tangavatn í stað þess að það renni beint í Hólmavatn og Langavatn sem eru inntakslón Mjólkár II. Fyrirhugað er að grafa 95 m veituskurð frá Kattarvatni til suðvesturs í átt að Tangavatni, en frá enda hans renni vatnið eftir lægstu punktum í Tangavatn. Frá Tangavatni muni vatnið renna í Langavatn og þegar yfirfall er á Langavatni, áfram í Prestagilsvatn og Borgarhvilftarvatn. Farið verði á beltagröfu frá vegslóða við Tangavatn að framkvæmdasvæðinu og því þurfi ekki að gera nýjan veg. Framkvæmdin muni bæta nýtingu á Langavatns- og Tangavatnsmiðlunum, einkum í lélegum vatnsárum.

Efnistaka

Fram kemur í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að uppgröftur úr skurðum verði notaður sem fylling í stíflur og vegi eins og hagkvæmni leyfir. Gert sé ráð fyrir að þriðjung alls efnis þurfi að taka til viðbótar innan framkvæmdasvæðisins í stíflur og vegi. Gert sé ráð fyrir 23.000 m² efnistökusvæði á milli vatna í 626 m og 632 m hæð þar sem hægt verði að taka allt að 20.000 m³ af efni. Efnistökusvæðið sé bundið við framkvæmdatíma og liggir innan lónstæðis við hæstu vatnsstöðu. Umframefni verði lagt út á skurðbakka eða annars staðar í nánd við framkvæmdirnar þar sem það fari vel í landslagi. Raski verði haldið í lágmarki eins og kostur er.



4 Umhverfisáhrif

Landslag

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að framkvæmdasvæðið sé um 10 km² og nái frá Borgarfirði og upp á Glámuhálendið. Tæpir tveir km² séu á láglandi eða í hlíðum ofan við það og sjáist af þjóðveginum. Glámuhálendið einkennist fyrst og fremst af ógrónum stórgrýttum melum og minni vötnum.

Orkubú Vestfjarða telur að áhrif fyrirhugaðrar stækkunar Mjólkárveikjunnar á landslag verði fyrst og fremst vegna stífla, uppistöðulóns, veituskurða og vegagerðar, sem muni hafa neikvæð áhrif á landslag og náttúru og skerða sérkenni svæðisins að einhverju leyti. Áhrif mannvirkjanna verði að miklu leyti staðbundin og þau verði lítt sýnileg frá láglandi. Jafnframt beri að hafa í huga að svæðið sé jafnan þakið snjó fram eftir sumri. Fyrirhugað framkvæmdasvæði tilheyrir sömu landslagsheild og eldra virkjunarsvæði og því breytist ásýnd svæðisins ekki verulega, enda sé virkjunarsvæðið nokkuð raskað vegna fyrri framkvæmda.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að framkvæmdaraðili hafi gert nægilega grein fyrir framkvæmdinni og telur að þrátt fyrir umfang fyrirhugaðra framkvæmda sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur mikilvægt að ganga vel frá skurðum með því að láta þá ekki liggja í beinum línunum heldur móta þá að náttúrulegri ásýnd svæðisins. Einnig sé mikilvægt að forðast allt óþarfa rask.

Í svörum Orkubús Vestfjarða kemur fram að orðið verði við tillögu Umhverfisstofnunar og veituskurðir hafðir bogadregnir til að minnka sjónræn áhrif. Vegir verði lagðir þannig að þeir falli sem best að landslagi.

Ferðaþjónusta og útivist

Fram kemur í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að umferð ferðamanna og útivistarfólks um Glámuhálendið sé lítil og mannvirkin verði ekki mjög sýnileg frá áfangastöðum og leiðum ferðamanna. Svæðið sé óaðgengilegt m.a. vegna þess að snjór liggja yfir því stóran hluta ársins. Framkvæmdirnar hafa að mati framkvæmdaraðila óveruleg áhrif á ferðamenn og útivistarfólk. Vegslóðar frá Mjólkárstöð og upp á Glámuhálendið séu lokaðir öðrum en þeim sem eiga erindi þangað vegna virkjunarinnar.

Vatnafar

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að ár á framkvæmdasvæðinu séu Mjólkár og Hófsár. Milli þeirra sé Borgarhvilftarlækur sem renni í inntakslón Mjólkár I, Borgarhvilftarvatn. Árnar séu dragár með mismiklum lindarþætti en fá einnig nokkuð vatn úr fönnum sem ekki bráðna að fullu á sumrin. Fannirnar hafi minnkað síðustu áratugina enda teljist Gláma ekki lengur til jökla.

Fram kemur í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða að meðalrennsli Hófsár sé um 1,3 m³/s en muni skerðast um 0,4 m³/s með tilkomu veitunnar. Skerðing á rennsli Hófsár verði ekki jöfn heldur fylgi hún rennslisferli árinna. Hún verði mest þegar rennsli árinna er í hámarki að sumarlagi en engin þegar rennslið er í lágmarki í byrjun árs. Hafa beri í huga að þegar rennsli á svæðinu er minnst yfir hörðustu vetrarmánuðina, desember til mars flytji núverandi Hófsárveita allt rennsli sem falli til af Hófsársvæðinu til Mjólkár. Eina undantekningin séu blotar sem séu mjög fátíðir í þessari hæð á þessum árstíma. Á þessum tíma árs sé skerðing rennslisins í Hófsá vegna nýrrar veitu því engin, nema á margra ára fresti þegar vetrarblotar skila sér ekki lengur nær óskertir til sjávar í Hófsá, heldur fara í lónin og skila sér síðan til Mjólkár.

Vötnin fjögur sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Forðast skal að raska vistkerfum sem njóta slíkrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Orkubú Vestfjarða bendir á að mörg vötn á Glámuhálendinu séu stærri en 1.000 m² og njóti því



verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Orkubúið telur mikilvægi hvers vatns sem sérstæðs fyrirbrigðis takmarkað en vötnin séu hluti af stærri heild og víðernum Glámuhálendisins.

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur framkvæmdin ekki áhrif á önnur vötn sem teljast óröskuð. Vatnið renni að mestu leyti til sjávar eftir náttúrulegum farvegum sem þegar hafi verið raskað í fyrri framkvæmdum virkjunarinnar eða eftir rennisskurðum og vatnspípum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur jákvætt að nýta betur rennsli vatnsfalla sem nú þegar eru virkjuð eins og á við í þessu tilfalli, í stað þess að virkja óröskuð vatnsföll. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi gert nægilega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vötnin sem hér um ræðir í flokki gróðurlítilla hálendisvatna sem eru algeng á hálendisvæðum, á Vestfjörðum, miðhálendinu og Austurlandi og eru talin hafa lágt verndargildi.¹

Menningarminjar

Samkvæmt framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða hafa ekki fundist menningarminjar á framkvæmdasvæðinu og ólíklegt að slíkar minjar muni finnast innan þess.

Minjastofnun Íslands telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar, en minnir á ákvæði laga um menningarminjar ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verksins.

Verndarsvæði

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að virkjanasvæðið njóti hverfisverndar í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og því þurfi að taka tillit til þess við framkvæmdir. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé jafnframt skammt utan svæðis sem sé á náttúruminjaskrá.

Framkvæmdasvæðið er innan hverfisverndarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem nær til innanverðs Dýrafjarðar og suður um Arnarfjörð að sveitarfélagsmörkum. Hverfisvernd svæða sunnan Ísafjarðardjúps í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er ætlað að varðveita sérkenni svæðanna, þ.e. menningar- og náttúruminjar á afskekktum svæðum og hálendi. Hverfisverndarákvæðin fela m.a. í sér að ekki verði gert ráð fyrir meiri háttar jarðraski utan landbúnaðarsvæða. Sérstaklega er þó tilgreint að svigrúm sé fyrir virkjunarframkvæmdir á Glámuhálendinu og viðhaldi og uppbyggingu á iðnaðarsvæði Mjólkárveikjunnar í Arnarfirði en að þær framkvæmdir skuli vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins, en þau eru að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar og að öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.

Jafnframt kemur fram í greinargerð Orkubús Vestfjarða að áhrifasvæði Mjólkárveikjunnar muni stækka með fyrirhuguðum framkvæmdum og skerða víðerni Glámuhálendisins.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal standa vörð um óbyggð víðerni.

5 Skipulag og leyfisveitingar

Fyrir liggja samþykktar breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagi Mjólkárveikjunnar. Gildistaka þessara skipulagsáætlana er forsenda fyrir leyfisveitingum til framkvæmdanna. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða á grundvelli laga um

¹ <http://vistgerdakort.ni.is>



hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun minnir á ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga vegna leyfisveitinga til framkvæmdanna hvað varðar röskun á stöðuvötnum sem njóta verndar samkvæmt greininni.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun Mjólkárviðvirkjunar með aukinni vatnsmiðlun úr 64-75 GWh/ári um 3,7 GWh/ári án þess að afl virkjunarinnar verði aukið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 og 3.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um fyrirhugaða stækkun Mjólkárviðvirkjunar að teknu tilliti til framangreindra viðmiða og byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmda, samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum er orkuframleiðsla Mjólkárviðvirkjunar aukin með því að auka miðlun með vatnsöflun úr vötnum lengra upp á Glámuhálendinu. Framkvæmdasvæði virkjunarinnar stækkar um u.þ.b. 10 km², fjögur náttúruleg stöðuvötn verða hluti af miðlun Mjólkárviðvirkjunar og rennsli Hofsár skerðist.

Stækkun framkvæmdasvæðisins mun hafa samlegðaráhrif með þeirri röskun sem fyrri áfangar Mjólkárviðvirkjunar hafa valdið, en á móti kemur, líkt og Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni, að jákvætt getur verið að nýta betur rennsli vatnsfalla sem nú þegar eru virkjuð, í stað þess að virkja óröskuð vatnsföll. Skipulagsstofnun telur það eiga við í þessu tilviki.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, m.a. með tilliti til landnotkunar sem fyrir er, magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda og verndarsvæða sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er eins og áður segir umfangsmikið, eða um 10 km² og þar af er mestur hluti þess á óröskuðu landi á Glámuhálendinu. Framkvæmdirnar hafa í för með sér skerðingu á óbyggðu víðerni sem nemur stækkun athafnasvæðis Mjólkárviðvirkjunar, en samkvæmt náttúruverndarlögum skal standa vörð um óbyggð víðerni. Framkvæmdirnar munu jafnframt raska stöðuvötnum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Þau vötn sem um ræðir falla í flokk gróðurlitilla hálendisvatna samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, en sú vistgerð er talin hafa lágt verndargildi og er algeng á hálendisvæðum. Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni um tilkynningu Orkubús Vestfjarða sagt að stofnunin telji hafa verið gerða nægileg grein fyrir framkvæmdinni og telur að



Þrátt fyrir umfang fyrirhugaðra framkvæmda sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun tekur undir það álit, en minnir á að eftir sem áður þarf við leyfisveitingar til framkvæmdanna að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga.

Framkvæmdasvæðið er jafnframt innan hverfisverndarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, þar sem áhersla er á að varðveita sérkenni svæðisins, þ.e. menningar- og náttúruminjar. Hverfisverndarákvæðin fela þó í sér svigrúm fyrir virkjunarframkvæmdir á Glámuhálendinu og viðhaldi og uppbyggingu á iðnaðarsvæði Mjólkárirkjunar í Arnarfirði, séu þær framkvæmdir í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins. Skipulagsstofnun telur að áformaðar framkvæmdir geti samrýmst þeim ákvæðum sem gilda um hverfisvernd svæðisins í aðalskipulagi.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa, svo sem umfangi áhrifa með tilliti til svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og stærðar og fjölbreytileika áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun Mjólkárirkjunar felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og vatnafar. Áhrifin verða varanleg en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Er þá meðal annars horft til þess að áformað er að vegur um virkjunarsvæðið verði lokaður annarri umferð en vegna rekstrar virkjunarinnar og að framkvæmdasvæðið hefur samkvæmt framlögðum gögnum ekki mikið gildi fyrir ferðapjónustu og útivist. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun Mjólkárirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. nóvember 2017.

Reykjavík, 27. september 2017


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir


Sigurður Ásbjörnsson